



Stjórnarfundur FNS

Fundargerð

Þriðjudagur 27. Nóvember 2018, kl. 12:00, Framvegis

Mættar: Helga Lind Hjartardóttir, Helga Tryggvadóttir, Sigríður Sigurðardóttir, Margrét Arnardóttir, Klara Guðbrandsdóttir og Svanhildur Svavarsdóttir

1. Dagur náms- og starfsráðgjafar, uppgjör
 - a) Samkvæmt upplýsingum frá Hildi Katrínu komu fjármálin mjög vel út. Áætlunin hljóðaði upp á 1425 þúsund en staðan eftir daginn var 1390 þúsund. Eigum en eftir að fá 200 þús. kr. styrk frá KÍ.
 - b) Margrét - niðurstöður spurninga frá deginum. Margrét deildi hluta svara á FB grúppuna. Margrét sendir niðurstöður á Helgu Try.
2. Endurmenntun. Niðurstöður frá EHÍ. Niðurstöður fræðslukönnunar eru komnar. Helga Try og Klara hitta Ingibjörgu frá EHÍ til að fara yfir niðurstöðurnar. Félagsmenn eru að kalla á praktísk námskeið. Þær munu fara með opnum huga á fundinn, erum ekki að fara að skuldbinda okkur EHÍ. Helga mun senda niðurstöður á stjórn. Helga Try fór á fund með námsbrautinni í HÍ. Þetta var góður fundur og eru þær mjög frjóar og miklar þælingar en HÍ er þungt kerfi. Námið er mjög skólamiðað, þarf að endurskoða það. Þær spurðu um endurmenntunnarstefnu hjá okkur, við erum ekki með slíka stefnu en áhugavert að skoða það. Helga Try ræðir þetta við þær.
3. Staðan vegna bókungar átta í kjarasamningum FF (Dreifing fjármuna til framhaldsskóla til stuðnings við störf náms- og starfsráðgjafa. Bókun átta frá 21. apríl 2018). Steinunn á kjarasviði KÍ setti sig í samband við Helgu Try. Síðustu upplýsingar voru að þetta væri inn á borði hjá Efnahags- og viðskiptaráðuneytisins. Búið að kalla eftir hlutfalli námsráðgjafar og verður síðan sent í ráðuneytið. Ef ekki verður búið að ganga frá þessum málum fyrir næsta stjórnarfund þá mun félagið senda frá sér ályktun. Greiðslan átti að berast til ráðgjafanna 1. ágúst 2018.
4. Mín Framtíð, fundur og punktar frá Elínu (helga@framvegis.is 17.nóv). Helga Try og Helga Lind fóru á þennan fund. Við verðum með bás á sýningunni þar sem við getum látið myndböndin rúlla og 2 – 3 standa með gardínu og hátt borð. Það gæti verið erfitt að manna básinn þar sem grunn- og framhaldsskólaráðgjafar eru uppteknir með sínum nemendum. Einnig var óskað eftir því að FNS taki þátt í kynningu með



fjölmiðlum. Spurning með að gera nýjar gardínur því og kynningarefni vísað til upplýsinganefndar. Verkið er að láta búa til fræðsluefni fyrir grunnskólaráðgjafa sem þeir eiga að kynna fyrir nemendum áður en þeir mæta á Mína Framtíð.

5. Vinnuumhverfi náms- og starfsráðgjafa - frá KÍ. Gerð var athugasemd við að ekki væri til gátlisti fyrir hvernig aðbúnaður náms- og starfsráðgjafa á að vera. En gátlistar eru fyrir félagsmenn til að skoða vinnuaðstæður með það að markmiði að geta gert úrbætur á þeim í samstarfi við rekstraraðila. KÍ vill búa til lista fyrir náms- og starfsráðgjafa og leitar eftir samstarfi við okkur. Það er margt sameiginlegt með ördum listum en vantar alveg hvað varðar viðtalsaðstöðu - þurfum að fá einn ráðgjafa úr grunnskóla og einn úr framhaldsskóla í samstarf við vinnuumhverfisnefnd KÍ. Helga auglýsir eftir félagsmönnum í þetta verkefni.
6. Stefnumótun. Fréttir frá starfshópnum - Ingibjörg Kristinsdóttir kom inn á fundinn til að upplýsa okkur. Starfshópurinn fór að hitta Önnu Maríu og Dagnýju hjá KÍ. Þær eru til í að taka þátt í stefnumótuninni með okkur. Vinna við menntastefnuna er ekki byrjuð frá ráðuneytinu en komin menntastefna frá Reykjavíkurborg. Ekki komið svar frá ráðuneytinu um formlega aðkomu að menntastefnuhópnum. Segja að það sé mikilvægt að tala við ráðherra, Anna María er tilbúin að ýta á að við fáum fund með ráðherra til að fara í stefnumótun. KÍ fær líklega 3 til 4 pláss í hópnum sem á að móta menntastefnuna og þá er möguleiki á að við fáum eitt þeirra. Við getum nýtt miðla KÍ til að koma okkar á framfæri, spurning með að upplýsinganefndin taki þetta að sér. Þorgerður Katrín og Þorsteinn Vilhjálmsson hafa alltaf verið hliðholl námsráðgjöfum og þau eru með tengsl inn í SA. Spurning hvort við getum nýtt okkur það. Einnig að efla tengslin við Stjórn skólastjóra, Skólamálanefnd samband íslenskra sveitarfélaga, Svandís Ingimundar námsráðgjafi er í forsvari þar, það þarf að efla Næstu skref síðuna. Skólamálaráð KÍ, Svanhildur situr í skólamálanefnd FF

Helstu áhersluatriði úr stefnumótuninni:

- Rafræn ráðgjöf
- Brotthvarf
- Samfella milli skólastiga
- Náms- og starfsfræðsla

7. Fræðslunefnd þarf að setja inn á Facebook síðuna okkar eftir að atburðum líkur.



Fundi slitið *klukkan 13:00*

Næsti fundur ákveðin *síðar*

Fundarritari

Svanhildur Svavarsdóttir